

Álitsgerð

um grisjun á afritunarspólum sem innihalda gögn úr tölvukerfum gömlu bankanna sem Fjármálaeftirlitið tók yfir árið 2008

I.

Með beiðni 5. nóvember 2019 óskaði Þjóðskjalasafn Íslands eftir því við undirritaða að veitt yrði álit „á því hvort að heimila eigi eyðingu á afritunarspólum með gögnum úr tölvukerfum gömlu bankanna sem Fjármálaeftirlitið (FME) tók [yfir við hrun þeirra] árið 2008“. Vísað var til beiðni Fjármálaeftirlitsins um grisjun þessara gagna. Í beiðni Þjóðskjalasafns segir svo: „Að athuguðu máli telur Þjóðskjalasafn að eyðing umræddra gagna verði ekki til þess að hagsmunir eða réttindi stjórnvalda eða einstaklinga verði fyrir borð borin né að umrædd gögn séu mikilvæg og einstök fyrir sögu þjóðarinnar. Það mat byggir á því að ekki hefur verið leitað í gögnin allan þann tíma sem afritin hafa verið til í skjalasafni FME en 11 ár eru liðin síðan afritin voru tekin.“

II.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er markmið laganna að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Í athugasemdum með þessu ákvæði í frumvarpi því sem varð að framangreindum lögum er tekið fram að í þessu felist „krafa um skilvirka skjalastjórn og skjalavörslu þeirra sem falla undir lögin til að tryggja þá mikilvægu hagsmuni sem um er að ræða.“¹ Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. er með hugtakinu skjal í lögunum átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings. Hugtakið skjal er því skilgreint rúmt í lögunum og tekur til hvers konar gagna sem geyma upplýsingar. Í skýringum við umrætt ákvæði í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 77/2014 er tekið fram að skilgreiningin rúmi allar tegundir pappírsskjala og allar tegundir rafræna skjala, þar með talið gagnagrunna.² Geta því afritunarspólur talist til skjala í framangreindri merkingu.

¹ Þskj. 403, 143. lögþ. 2013-14, bls. 36 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

² Þskj. 403, 143. lögþ. 2013-14, bls. 34 og 36 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

Í 14. gr. laga nr. 77/2014 er fjallað um hverjir séu afhendingarskyldir aðilar. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 er Fjármálaeftirlitið afhendingarskyldur aðili og ber stofnuninni að afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín, sbr. 4. mgr. ákvæðisins. Í lögum nr. 77/2014 felst að afhendingarskyldum aðilum ber að varðveita skjöl eftir því sem leiðir af ákvæðum laganna sjálfra, reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og ákvarðana Þjóðskjalasafns Íslands.

III.

Í beiðni Þjóðskjalasafns er haft eftir Fjármálaeftirlitinu í grisjunarbeiðni þess að líklegt megi telja að eitthvað af gögnum á afritunarspólunum sé ekki lengur aðgengilegt, engin leið sé að leita í þessum gögnum, ekkert samhengi sé á milli gagnanna auk þess sem magnið sé gríðarlegt. Þá er á það bent að frumgögnin séu eign bankanna og að afritin hafi verið afhent skilanefndum bankanna. Bendir Þjóðskjalasafn á að upplýsingar sem varði hrun bankanna séu varðveitt í skjalasöfnum slitastjórna bankanna, skjalasafni Fjármálaeftirlitsins og skjalasöfnum hinna ýmsu rannsóknarnefnda.

IV.

Miðað við þær upplýsingar sem koma fram í beiðni Þjóðskjalasafns verður ekki séð að með grisjun á umræddum afritunarspólum sé mögulega verið að eyða upplýsingum sem kunna að hafa gildi síðar meir í lagalegu eða sögulegu tilliti varðandi hrun bankanna. Skiptir hér máli að gögnin hafa verið vistuð annars staðar og eru aðgengileg þar.

Reykjavík, 13. desember 2019,

Kristín Benediktsdóttir dósent